

Endurskoðun
kirkjustofnana
árið 1997

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Niðurstöður.....	5
3	Almennt.....	6
4	Fjárlög 1997.....	7
5	Biskupsstofa.....	8
5.1	Skrifstofa biskupsembættisins.....	8
5.2	Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.....	10
5.3	Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar	11
6	Sjóðir kirkjunnar	13
6.1	Kristnisjóður.....	13
6.2	Jöfnunarsjóður sókna.....	15
6.3	Kirkjumálasjóður.....	16
6.4	Prestssetrasjóður.....	18
6.5	Kirkjubyggingasjóður.....	20
6.6	Kirkjugarðasjóður.....	21
6.7	Hinn almenni kirkjusjóður	23
6.8	Ýmsir sjóðir í vörslu kirkjunnar	24

Í annað sinn gerir Ríkisendurskoðun kirkjuþingi grein fyrir vinnu sinni við endurskoðun kirkjustofnana, kirkjuembætta og sjóða. Skýrslan á að veita fulltrúum á kirkjuþingi og öðrum er áhuga hafa á upplýsingar úr ársreikningum í samandregnu formi ásamt athugasemdum og ábendingum sem gerðar hafa verið og ástæða er til að vekja athygli á.

Skýrslan sem hér birtist er unnin með sama hætti og endurskoðunarskýrsla sem Ríkisendurskoðun sendi kirkjuþingi á liðnu ári vegna reksturs á árinu 1996. Í skýrslunni er fjallað um ársreikninga eftirtalinna embætta og sjóða:

Skrifstofu biskupsembættis
Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar
Sjóða kirkjunnar
 Kristnisjóð
 Jöfnunarsjóð sókna
 Kirkjumálasjóð
 Prestssetrasjóð
 Kirkjubýggingarsjóð
 Kirkjugarðasjóð
 Hinn almenna kirkjusjóð
 Ýmsa sjóði í vörslu biskupsstofu

Að mati Ríkisendurskoðunar eru fjárreiður og bókhald þeirra embætta og sjóða er greint er frá í skýrslunni í öllum meginatriðum í góðu lagi.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi

Sveinn Arason
skrifstofustjóri

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun embætta, sjóða og stofnana kirkjunnar. Endurskoðað var í samræmi við almennt viðurkenndar endurskoðunarvenjur. Til viðbótar var beitt þeim sértæku endurskoðunarvenjum er viðhafðar eru við endurskoðun ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Endurskoðunarvenjur fela í sér meðal annars það að skipuleggja þarf og haga endurskoðuninni þannig að hún gefi nægjanleg vissu um það að viðeigandi ársreikningur er án verulegra annmarka. Það þýðir að ársreikningurinn þarf ekki að vera algerlega gallalaus en þeir gallar eru þá ekki það stórvægilegir að ástæða sé til að breyta ársreikningnum. Við endurskoðunina er beitt úrtaksaðferðum sem þýðir að ekki er farið yfir öll skjöl og færslur heldur er valið úrtak látið nægja til þess að leiða í ljós hvort þau eftirlitskerfi sem fyrir eru virki eins og þeim er ætlað að gera og hvort farið er að þeim reglum sem í gildi eru hverju sinni. Loks er lagt mat á þær aðferðir sem notaðar eru við reikningsskilin í einstökum þáttum sem og í heild og um framsetningu þeirra. Ríkisvaldið hefur gert stofnunum sínum og fyrirtækjum að starfa eftir reglum og lögmatum fyrirmælum sem í mörgum tilvikum eru mun ítarlegri og jafnvel fráðbrugðin þeim er almenn fyrirtæki þurfa að hlíta. Þessar sértæku reglur ásamt viðtæku endurskoðunarhlutverki Ríkisendurskoðunar mynda hina sértæku endurskoðunarvenju.

Í kjölfar umræðu á kirkjuþingi 1996 varð um það samkomulag milli ríkisendurskoðanda og biskups að árlega yrði tekin saman skýrsla um endurskoðun kirkjustofnana fyrir liðið fjárhagsár og hún lögð fyrir kirkjuþing sem haldið er árlega að hausti.

Ríkisendurskoðun mun í þessari skýrslu gera grein fyrir afkomu og fjárhagsstöðu einstakra kirkjustofnana á árinu 1997 og helstu athugasemdum sem gerðar voru við endurskoðun ársreikninga þeirra.

2 Niðurstöður

Bókhald embætta og sjóða var almennt vel fært og frágangur skjala góður.

Ríkisendurskoðun hefur áður nefnt nauðsyn þess að fækka sjóðum innan kirkjunnar. Telur hún það vera eitt af brýnni verkefnum yfirstjórnar kirkjunnar, hvað varðar fjármál hennar, að taka formlega afstöðu til sameiningar sjóðanna og vinna síðan að því að fá lögum breytt til að geta sameinað þá. Síðustu ár hafa ýmsir aðrir aðilar verið fengnir til að kanna fyrirkomulag sjóða þjóðkirkjunnar. Niðurstöður allra eru á einn veg, að nauðsynlegt sé að sameina sjóði, en áherslumunur hefur verið á hversu langt eigi að ganga í sameiningu þeirra.

Umsvif fjármála hjá Biskupsstofu hafa aukist jafnt og þétt milli ára. Þrátt fyrir að umbætur hafi átt sér stað á liðnum árum má lengi gott bæta. Ríkisendurskoðun leggur því til að yfirstjórn biskupsembættis skoði kosti þess að fjárfesta í greiðslueftirlitskerfi, sem tengt verði fjárhagsbókhaldinu. Með slíku kerfi hefur fjármálastjóri betri yfirsýn yfir fjármál einstakra rekstrareininga Biskupsstofu og fjárstýring verður skipulagðari.

Halda þarf betur utan um starfsmannamál á Biskupsstofu en gert er. Engin stimpilklukka er hjá Biskupsstofu. Fjarvista- og orlofskrár eru ekki haldnar með þeim hætti sem tilskilið er. Yfirvinnuskýrslur starfsmanna þar sem þær eiga við eru ekki varðveittar. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að úr þessu verði bætt og stimpilklukka tekin til notkunar í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31.

Hjá Prestssetrasjóði voru gerðar athugasemdir við háan kostnað við uppbyggingu kirkjustaðarins að Mosfelli og það að í árslok 1997 væri enn ósamið við um 19 sóknarpresta um afgang á prestssetrum, en samningum átti að ljúka í síðasta lagi í árslok 1996.

Gerðar voru athugasemdir við það að skuldabréf í eigu Kirkjugarðasjóðs væru sett að veði fyrir lánnum annarra sjóða kirkjunnar án heimildar í lögum og án samþykktar stjórnar sjóðsins.

3 Almennt

Ný lög hafa verið sett um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997. Lögin taka gildi 1. janúar 1998 en 31. desember 1998 falla úr gildi lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, nr. 48/1982. Árið 1998 er þannig ár breytinganna meðan eldri lögin eru að renna sitt skeið á enda.

Í 23. gr. nýju laganna er sagt að stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar beri ábyrgð gagnvart kirkjuþingi og að kirkjuþing skuli sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Í nýju lögnum eru störf kirkjuþings skýrð mun ítarlegar en í þeim gömlu. Allur vafi er til dæmis tekinn af því að kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmaetra marka. Í gömlu lögnum kemur aðeins fram að kirkjuþing skuli fjalla um sameiginleg málefni þjóðkirkjunnar að eigin frumkvæði og leysa úr þeim málum sem til þingsins er vísað af biskupi, kirkjuráði, Alþingi og kirkjumálaráðherra.

Í gömlu lögnum var kirkjuþingi ekki með beinum hætti ætlað að fjalla um fjármál þjóðkirkjunnar, en í nýju lögnum er skýrt kveðið á um að kirkjuþing skuli sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnanna og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Með gildistöku nýju laganna um kirkjuþing skal það enn fremur kjósa fastanefndir innan þjóðkirkjunnar við upphaf kjörtímils svo og stjórn Prestssetrasjóðs.

Kirkjuþing hefur ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir svið löggjafarvaldsins eða sæta úrskurði forseta Íslands. Með nýju lögnum mun kirkjuþing jafnframt geta haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og getur beint þeim tilmælum til kirkjumálaráðherra að þau verði flutt á Alþingi. Enn fremur skal ráðherra leita umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

Kirkjuþing hefur rétt til að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, skírn, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík, en um þær verður samt sem áður að fjalla á prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.

Á kirkjuþingi eiga sæti 21 kjörnir þingfulltrúar.

4 Fjárlög 1997

Samkvæmt A-hluta fjárlaga er á fjárlagalið 06-701, Biskup Íslands, gerð grein fyrir þeim fjárveitingum sem ætlað er til kirkjulegra málefna sem ekki byggja á sérstökum tekjustofni. Í B-hluta fjárlaga er gerð grein fyrir tekjum og gjöldum þriggja sjóða kirkjunnar sem ýmist hafa tekjur af eigin starfsemi, framlögum frá ríkinu eða sérstakan tekjustofn. Í fjárlagafrumvörpum liðinna ára hefur ekki komið fram nein skýring á því hvers vegna einungis þessir þrír sjóðir eru tilgreindir í fjárlögum en aðrir ekki.

Fjárveiting til embættis biskups nam á fjárlögum 1997 samtals 528.700 þúsundum króna. Samkvæmt ríkisreikningi urðu fjárheimildir samtals 538.417 þúsundir króna. Greiðslur úr ríkisreikningi námu hins vegar 565.741 þúsundum króna þannig að halli á greiðslugrunni nam 27.324 þúsundum króna. Samkvæmt ársreikningi embættisins nam rekstrarniðurstaða á rekstrargrunni samtals 571.344 þúsundum króna.

5 Biskupsstofa

5.1 Skrifstofa biskupsembættisins

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	565.741.170	517.662.277	48.078.893
Aðrar tekjur.....	28.528.259	27.355.813	1.172.446
Tekjur alls	<u>594.269.429</u>	<u>545.018.090</u>	<u>49.251.339</u>
Gjöld:			
Launagjöld.....	433.291.054	396.955.783	36.335.271
Önnur rekstrargjöld.....	115.736.276	105.704.554	10.031.722
Framlög.....	50.912.000	52.920.049	-2.008.049
Gjöld alls	<u>599.939.330</u>	<u>555.580.386</u>	<u>44.358.944</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-5.669.901	-10.562.296	4.892.395
Fjármagnshreyfingar.....	66.618	53.306	13.312
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>-5.603.283</u>	<u>-10.508.990</u>	<u>4.905.707</u>

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	8.293.471	11.277.259	-2.983.788
Fastafjármunir.....	0	0	0
Eignir samtals	<u>8.293.471</u>	<u>11.277.259</u>	<u>-2.983.788</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	16.013.180	13.393.685	2.619.495
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>16.013.180</u>	<u>13.393.685</u>	<u>2.619.495</u>
Eigið fé.....	-7.719.709	-2.116.426	-5.633.283
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>8.293.471</u>	<u>11.277.259</u>	<u>-2.983.788</u>

Sundurliðun eftir viðfangsefnum

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Fjárheimild 1997
<i>Almennur rekstur:</i>			
101 Yfirstjórn.....	51.024	46.562	26.340
111 Víglubiskup Skálholti.....	4.758	4.690	3.828
113 Víglubiskup Hólum.....	4.721	4.308	3.989
115 Kirkjumiðstöð Austurlands.....	1.200	1.500	1.200
116 Langamýri í Skagafirði.....	1.200	1.493	1.200
121 Prestar og prófastar.....	459.954	419.804	451.630
131 Kristnisjóður.....	27.387	29.500	27.387
191 Skálholtsstaður.....	6.100	6.100	6.100
Samtals	556.344	513.957	521.674
<i>Stofnkostnaður:</i>			
621 Skálholtsstaður.....	6.000	6.500	6.000
622 Hallgrímskirkja.....	6.000	4.729	6.743
623 Hóladómkirkja.....	3.000	3.000	4.000
Samtals	15.000	14.229	16.743
Viðfangsefni samtals.....	571.344	528.187	538.417

Niðurstaða á rekstrarreikningi varð tekjuhalli að fjárhæð 5,6 milljóna. Greiðsluhalli embættisins við ríkisjóð á greiðslugrunni nam 27,3 milljónum króna.

Á árinu 1997 og fyrri árum hafa tekjur verið færðar þegar þær innheimtast, en ekki við útgáfu reiknings. Þessi aðferð leiðir til þess að tekjurnar eru ekki færðar undir rétt tímabil. Fjármálastjóri hefur upplýst að á árinu 1998 hafi verið bætt úr þessu.

Halda þarf betur utan um starfsmannamál á Biskupsstofu. Stimpilklukka er ekki á Biskupsstofu. Fjarvista- og orlofskrár eru ekki haldnar með þeim hætti sem áskilið er. Yfirvinnuskýrslur starfsmanna þar sem við á eru heldur ekki varðveittar eins og vera ber. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að úr þessu verði bætt og stimpilklukka verði tekin til notkunar í Kirkjuhúsinu að Laugavegi 31.

Hvorki er til skrifleg lýsing á innra eftirliti né áritunarkerfi. Tiltekið áritunarferli er þó fyrir hendi en ekki nægjanlega skilvirkt. Gera þarf slíka lýsingu og setja áritunarferlið í fastari skorður, þannig að tengja megi saman ákvarðanatöku, eftirlit og árangur.

5.2 Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	10.550.000	11.018.962	-468.962
Aðrar tekjur.....	758.500	851.050	-92.550
Tekjur alls	<u>11.308.500</u>	<u>11.870.012</u>	<u>-561.512</u>
Gjöld:			
Launagjöld.....	7.645.207	7.159.562	485.645
Önnur rekstrargjöld.....	2.632.563	2.939.119	-306.556
Afskriftir.....	43.008	222.940	-179.932
Framlög.....	0	0	0
Gjöld alls	<u>10.320.778</u>	<u>10.321.621</u>	<u>-843</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	987.722	1.548.391	-560.669
Fjármagnshreyfingar.....	-27.284	-27.690	406
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>960.438</u>	<u>1.520.701</u>	<u>-560.263</u>

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í þús.kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	6.312.221	4.650.610	1.661.611
Fastafjármunir.....	196.949	235.523	-38.574
Eignir samtals	<u>6.509.170</u>	<u>4.886.133</u>	<u>1.623.037</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	871.916	309.453	562.463
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>871.916</u>	<u>309.453</u>	<u>562.463</u>
Eigið fé.....	5.637.254	4.576.680	1.060.574
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>6.509.170</u>	<u>4.886.133</u>	<u>1.623.037</u>

Við endurskoðun reikningskila Fjölskylduþjónustu kirkjunnar fyrir árið 1997 voru ekki gerðar neinar athugasemdir.

5.3 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	18.797.820	17.899.996	897.824
Aðrar tekjur.....	1.493.723	2.238.804	-745.081
Tekjur alls	20.291.543	20.138.800	152.743
Gjöld:			
Launagjöld.....	13.012.165	12.401.512	610.653
Önnur rekstrargjöld.....	7.213.311	8.224.244	-1.010.933
Afskriftir.....	0	0	0
Framlög.....	0	24.000	-24.000
Gjöld alls	20.225.476	20.649.756	-424.280
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	66.067	-510.956	577.023
Fjármagnshreyfingar.....	37.795	21.926	15.869
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	103.862	-489.030	592.892

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	904.204	1.501.551	-597.347
Fastafjármunir.....	0	0	0
Eignir samtals	904.204	1.501.551	-597.347
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	2.155.911	2.857.120	-701.209
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	2.155.911	2.857.120	-701.209
Eigið fé.....	-1.251.707	-1.355.569	103.862
Skuldir og eigið fé samtals.....	904.204	1.501.551	-597.347

Samkvæmt lögum um Kirkjumálasjóð er Söngmálastjóra þjóðkirkjunnar ætlað að standa undir kostnaði við söngmálastjórn og tónlistarstjórn á vegum þjóðkirkjunnar. Í lögunum er ekki nánar fjallað um verksvið embættisins.

Kirkjuráð samþykkti að veita 15.700 þúsundir króna til að standa straum af kostnaði við söngmálastjóra. Veitt framlag var aðeins hærra eða 15.898 þúsundir króna.

Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar voru gerðar athugasemdir við að gamla viðskiptareikninga sem staðið hafa óhreyfðir um nokkurn tíma. Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu hefur nú þegar verið gengið í það að gera þessa viðskiptareikninga upp.

6 Sjóðir kirkjunnar

6.1 Kristnisjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	27.387.000	29.500.000	-2.113.000
Aðrar tekjur.....	17.467.405	12.928.710	4.538.695
Tekjur alls	44.854.405	42.428.710	2.425.695
Gjöld:			
Launagjöld.....	4.568.160	2.928.220	1.639.940
Önnur rekstrargjöld.....	17.772.433	10.890.749	6.881.684
Afskriftir.....	3.037.306	2.645.642	391.664
Framlög.....	19.694.355	13.999.967	5.694.388
Gjöld alls	45.072.254	30.464.578	14.607.676
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-217.849	11.964.132	-12.181.981
Fjármagnshreyfingar.....	-3.056.786	-3.399.173	342.387
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	-3.274.635	8.564.959	-11.839.594

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	20.367.488	24.122.682	-3.755.194
Fastafjármunir.....	133.814.667	137.504.418	-3.689.751
Eignir samtals	154.182.155	161.627.100	-7.444.945
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	7.084.494	10.601.379	-3.516.885
Langtímaskuldir.....	40.532.225	43.340.535	-2.808.310
Skuldir samtals	47.616.719	53.941.914	-6.325.195
Eigið fé.....	106.565.436	107.685.186	-1.119.750
Skuldir og eigið fé samtals.....	154.182.155	161.627.100	-7.444.945

Ríkisendurskoðun gerði athugasemd við það að ekki er til staðar yfirlit um þær nefndir kirkjunnar sem Kristnisjóður stendur straum af. Misjafnt er hvaða kostnaður

er greiddur t.d. fá nefndarmenn sumra nefnda greidd nefndarlaun, en aðrar nefndir eru ólaunaðar. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að allar nefndir hjá Kristnisjóði verði skráðar í fundargerðum kirkjuráðs, hvort greiða á nefndarlaun og til hvaða kostnaðar nefndin má stofna til. Einnig er mikilvægt að ljóst verði hver eigi að samþykkja þá reikninga vegna nefnda með áritun. Upplýst er að í fjárhagsáætlunum fyrir árið 1998 sé farið að tilmælum Ríkisendurskoðunar.

6.2 Jöfnunarsjóður sókna

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	0	0	0
Aðrar tekjur.....	161.039.192	151.652.379	9.386.813
Tekjur alls	161.039.192	151.652.379	9.386.813
Gjöld:			
Launagjöld.....	0	1.691.400	-1.691.400
Önnur rekstrargjöld.....	2.080.251	2.001.633	78.618
Afskriftir.....	0	0	0
Framlög.....	138.610.702	141.910.000	-3.299.298
Gjöld alls	140.690.953	145.603.033	-4.912.080
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	20.348.239	6.049.346	14.298.893
Fjármagnshreyfingar.....	763.505	545.678	217.827
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	21.111.744	6.595.024	14.516.720

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	19.428.457	16.889.486	2.538.971
Fastafjármunir.....	0	0	0
Eignir samtals	19.428.457	16.889.486	2.538.971
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	4.710.221	23.317.054	-18.606.833
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	4.710.221	23.317.054	-18.606.833
Eigið fé.....	14.718.236	-6.427.568	21.145.804
Skuldir og eigið fé samtals.....	19.428.457	16.889.486	2.538.971

Ríkisendurskoðun hefur á liðnum árum gagnrýnt það að Jöfnunarsjóður sókna taki að sér greiðslu hluta launa kirkjuráðs þar sem Kirkjumálasjóði ber að standa undir þeim kostnaði. Kirkjuráð hefur tekið undir þessa gagnrýni og samþykkt að verða við tilmælum Ríkisendurskoðunar. Í árslok 1997 er hins vegar fært framlag til Kirkjumálasjóðs að fjárhæð 2,6 milljónir króna vegna launa kirkjuráðsmanna. Að mati Ríkisendurskoðunar eru ekki nein ákvæði í lögum sjóðsins sem heimila þessa styrkveitingu. Þessi ráðstöfun sýnir í hnotskurn þann vanda sem kirkjan er í með svo marga sjóði sem raun ber vitni og að ekki er samræmi milli tekna og hlutverka þeirra. Þetta hefur Ríkisendurskoðun ítrekað verið að benda á.

6.3 Kirkjumálasjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	17.710.702	1.200.000	16.510.702
Aðrar tekjur.....	98.628.792	92.661.912	5.966.880
Tekjur alls	<u>116.339.494</u>	<u>93.861.912</u>	<u>22.477.582</u>
Gjöld:			
Launagjöld.....	9.681.221	10.016.566	-335.345
Önnur rekstrargjöld.....	13.403.561	12.933.243	470.318
Afskriftir.....	591.321	580.809	10.512
Framlög.....	86.529.405	77.396.032	9.133.373
Gjöld alls	<u>110.205.508</u>	<u>100.926.650</u>	<u>9.278.858</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	6.133.986	-7.064.738	13.198.724
Fjármagnshreyfingar.....	<u>-228.146</u>	<u>-404.902</u>	<u>176.756</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>5.905.840</u>	<u>-7.469.640</u>	<u>13.375.480</u>

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	11.846.237	7.973.305	3.872.932
Fastafjármunir.....	27.459.341	27.498.486	-39.145
Eignir samtals	<u>39.305.578</u>	<u>35.471.791</u>	<u>3.833.787</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	15.668.586	19.166.468	-3.497.882
Langtímaskuldir.....	2.041.674	972.236	1.069.438
Skuldir samtals	<u>17.710.260</u>	<u>20.138.704</u>	<u>-2.428.444</u>
Eigið fé.....	<u>21.595.318</u>	<u>15.333.087</u>	<u>6.262.231</u>
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>39.305.578</u>	<u>35.471.791</u>	<u>3.833.787</u>

Á árinu 1997 var Kirkjumálasjóður rekinn með tekjuafgangi en síðustu ár hefur hann verið rekinn með halla. Höfuðstóll sjóðsins er neikvæður um 4,7 millj. kr. í árslok, en hann var neikvæður um 10,7 millj. kr. í ársbyrjun. Eigið fé sjóðsins nam hins vegar 21,6 millj. króna í árslok 1997. Mismunurinn skýrist með endurmatsreikningi sem nemur 26,3 millj. króna og myndaðist að stærstum hluta þegar embættisbústaður biskups var færður upp í ársreikning sjóðsins á sínum tíma.

Kirkjumálasjóði ber lögum samkvæmt að standa undir og greiða kostnað við kirkjuráð. Eins og fram kemur í athugasemd hjá Jöfnunarsjóði sókna tók hann að sér

að greiða hluta launa kirkjuráðs. Þetta hefur Ríkisendurskoðun gagnrýnt þar sem honum er ekki ætlað það hlutverk. Stjórnendur hafa gefið þá skýringu að Kirkjumálasjóður hafi á liðnum árum ekki haft fjárhagslegt bolmagn til þess að taka þessar greiðslur að sér og meginskýringin sú að í fjárlagagrunni hafi ekki verið reiknað með launapætti kirkjuráðs heldur einungis öðrum kostnaði við rekstur þess.

6.4 Prestssetrasjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	70.093.073	55.320.849	14.772.224
Aðrar tekjur.....	10.271.694	9.818.758	452.936
Tekjur alls	80.364.767	65.139.607	15.225.160
Gjöld:			
Launagjöld.....	7.788.279	4.912.531	2.875.748
Önnur rekstrargjöld.....	56.043.048	51.021.009	5.022.039
Afskriftir.....	1.598.643	1.516.811	81.832
Framlög.....	0	0	0
Gjöld alls	65.429.970	57.450.351	7.979.619
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	14.934.797	7.689.256	7.245.541
Fjármagnshreyfingar.....	-2.935.646	-2.684.629	-251.017
Tekjuafg. (tekjuhalli) af reglulegri starfsemi	11.999.151	5.004.627	6.994.524
Nettótekjur (-gjöld) af óreglulegri starfsemi.....	5.840.000	10.049.997	-4.209.997
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	17.839.151	15.054.624	2.784.527

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	13.825.825	17.693.807	-3.867.982
Fastafjármunir.....	108.245.250	84.765.470	23.479.780
Eignir samtals	122.071.075	102.459.277	19.611.798
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	38.202.800	37.631.263	571.537
Langtímaskuldir.....	15.453.629	15.392.218	61.411
Skuldir samtals	53.656.429	53.023.481	632.948
Eigið fé.....	68.414.646	49.435.796	18.978.850
Skuldir og eigið fé samtals.....	122.071.075	102.459.277	19.611.798

Við könnun fylgiskjala kom í ljós að í þó nokkrum tilfellum vantaði frumrit reikninga í bókhald sjóðsins. Þessir reikningar höfðu verið teknir úr bókhaldi og sendir skattstjóra vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði. Að lokinni afgreiðslu skattstjóra eru reikningarnir endursendir, en ládst hafði að setja þá alla á sinn stað í bókhaldið, afrit var þó alltaf til staðar. Ríkisendurskoðun bendir á að til að koma í veg fyrir mistök sem þessi er hægt að hafa bókhald vegna reikninga

sem innheimta má virðisaukaskatt af í sérstökum dagbókarflokki og fylgiskjalaröð. Þannig þarf ekki að fjarlægja reikninga úr bókhaldsröðinni heldur er hægt að senda reikningamöppu fyrir tiltekið tímabil í heild til skattstjóra.

Ríkisendurskoðun bendir á að skynsamlegt gæri verið að kanna hvort ekki væri rétt að fjárfesta í greiðslukerfi, þ.a. reikningar verði bókaðir um leið og þeir berast en ekki við greiðslu eins og nú er gert. Þannig er hægt að sjá ógreidda reikninga í tölvukerfinu hvenær sem er og hvenær eigi að greiða þá.

Í árslok 1997 nam byggingakostnaður við uppbyggingu prestssetursins og umhverfis að Mosfelli um 26 millj. kr. og í lok september 1998 var kostnaður kominn upp í 36 millj. kr., en hann skiptist á milli Prestssetrasjóðs og Lágafellssóknar þannig að hvor um sig greiðir helming kostnaðar við húsnæðið en Lágafellssókn greiðir 80% og Prestssetrasjóður 20% vegna umhverfisþátta. Ríkisendurskoðun veltir þeirri spurningu upp hvort sá kostnaður sem lagt hefur verið í byggingu nýrra prestssetra sé ekki úr takt við þann kostnað sem þarf til að bygga hæfilegt húsnæði og einnig hvort ástæða sé til að setja einhverjar viðmiðunarreglur í þessu samhengi.

Samkvæmt starfsreglum Prestssetrasjóðs skal stjórn sjóðsins ganga til samninga við sérhvern prest um afnot hans af prestssetrinu og endurgjald. Stefnt var að því að ljúka samningsgerð fyrir 1. janúar 1995, en þó var heimilt að fresta gildistöku starfsreglnanna gagnvart einstökum prestssetrum, þó ekki lengur en til loka árs 1996. Gerð allra haldsbréfa er lokið. Í árslok 1997 var enn ósamið við a.m.k. 19 sóknarpresta um húsaleigu, en þeir hafa staðið í deilum við sjóðinn um leiguna. Ríkisendurskoðun telur brýnt að öllum tiltækum ráðum verði beitt til að ljúka samningum við þá presta sem eftir eru.

6.5 Kirkjubýggingasjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	0	0	0
Aðrar tekjur.....	0	0	0
Tekjur alls	0	0	0
Gjöld:			
Launagjöld.....	28.056	53.490	-25.434
Önnur rekstrargjöld.....	1.783.874	620.077	1.163.797
Afskriftir.....	0	0	0
Framlög.....	0	0	0
Gjöld alls	1.811.930	673.567	1.138.363
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-1.811.930	-673.567	-1.138.363
Fjármagnshreyfingar.....	9.216.309	8.349.626	866.683
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	7.404.379	7.676.059	-271.680

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	26.183.579	22.241.385	3.942.194
Fastafjármunir.....	80.681.128	74.639.854	6.041.274
Eignir samtals	106.864.707	96.881.239	9.983.468
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	687.175	124.750	562.425
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	687.175	124.750	562.425
Eigið fé.....	106.177.532	96.756.489	9.421.043
Skuldir og eigið fé samtals.....	106.864.707	96.881.239	9.983.468

Í endurskoðunarbréfi var vakin athygli á útistandandi kröfum sem ekki hafa hreyfst í lengri tíma og niðurfellingar dráttarvaxta. Lagt var að sjóðstjórn að gera grein fyrir þeim innheimtuaðgerðum sem beitt hefur verið og fyrirhugaðar eru til að innheimta greindar kröfur.

6.6 Kirkjugarðasjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	0	0	0
Aðrar tekjur.....	31.959.313	33.126.328	-1.167.015
Tekjur alls	31.959.313	33.126.328	-1.167.015
Gjöld:			
Launagjöld.....	3.342.204	3.006.038	336.166
Önnur rekstrargjöld.....	5.801.315	5.734.266	67.049
Afskriftir.....	678.801	415.666	263.135
Framlög.....	45.031.363	41.556.076	3.475.287
Gjöld alls	54.853.683	50.712.046	4.141.637
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-22.894.370	-17.585.718	-5.308.652
Fjármagnshreyfingar.....	4.685.787	6.220.231	-1.534.444
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	-18.208.583	-11.365.487	-6.843.096

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	35.212.581	37.294.354	-2.081.773
Fastafjármunir.....	32.817.706	34.640.916	-1.823.210
Eignir samtals	68.030.287	71.935.270	-3.904.983
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	14.262.611	1.248.616	13.013.995
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	14.262.611	1.248.616	13.013.995
Eigið fé.....	53.767.676	70.686.654	-16.918.978
Skuldir og eigið fé samtals.....	68.030.287	71.935.270	-3.904.983

Á árinu 1996 voru verðbréf í eigu Kirkjugarðasjóðs sett að handveði fyrir láni sem Skálholtsstaður tók hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Samkvæmt fundargerðum stjórnar sjóðsins var það gert án vitundar hennar. Á árinu 1997 voru að auki tekin að handveði verðbréf að fjárhæð 12,9 millj. kr. vegna láns sem Prestssetrasjóður tók hjá Sparisjóðnum. Það veð er fallið niður. Engar samþykktir voru fyrir þessu handveði í fundargerðum. Í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar voru þessar veðsetningar gagnrýndar þar sem ekki eru að finna heimildir í lögum um veðsetningar. Að auki er það frumskilyrði að þeir sem binda kvaðir á eignir sjóða innan kirkjunnar hafi til þess umboð.

Sú breyting var gerð á reikningskilaaðferð sjóðsins að í árslok voru færðir upp styrkir sem úthlutað hafði verið á árunum 1995 – 1997 en voru ógreiddir í árslok. Samtals nemur þessi uppfærsla styrkja tæpum 13 millj. kr. Ber að taka tillit til þessa við samanburð á reikningum milli ára. Ársreikningurinn sýnir því nú þær skuldbindingar sem á sjóðnum hvíla.

6.7 Hinn almenni kirkjusjóður

Rekstrarreikningur 1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	0	0	0
Aðrar tekjur.....	358.656	346.907	11.749
Tekjur alls	<u>358.656</u>	<u>346.907</u>	<u>11.749</u>
Gjöld:			
Launagjöld.....	646.127	1.003.503	-357.376
Önnur rekstrargjöld.....	999.355	977.971	21.384
Afskriftir.....	0	0	0
Framlög.....	0	0	0
Gjöld alls	<u>1.645.482</u>	<u>1.981.474</u>	<u>-335.992</u>
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-1.286.826	-1.634.567	347.741
Fjármagnshreyfingar.....	1.627.237	2.194.856	-567.619
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	<u>340.411</u>	<u>560.289</u>	<u>-219.878</u>

Efnahagsreikningur 31.12.1997

Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	8.182.455	6.941.600	1.240.855
Fastafjármunir.....	14.725.717	17.244.488	-2.518.771
Eignir samtals	<u>22.908.172</u>	<u>24.186.088</u>	<u>-1.277.916</u>
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	14.860.990	16.479.317	-1.618.327
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	<u>14.860.990</u>	<u>16.479.317</u>	<u>-1.618.327</u>
Eigið fé.....	8.047.182	7.706.771	340.411
Skuldir og eigið fé samtals.....	<u>22.908.172</u>	<u>24.186.088</u>	<u>-1.277.916</u>

Hinn almenni kirkjusjóður var stofnaður með lögum nr. 20/1890 um innheimtu og meðferð kirknafjár og eru þau því orðin um 108 ára gömul. Ríkisendurskoðun bendir á að einungis ein kirkja leggur sjóðnum til fé, þ.e. Strandarkirkja, og að ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum sé einnig einungis til þessarar sömu kirkju. Fyrir nokkrum árum var öðrum kirkjum en Strandarkirkju greidd út inneign þeirra í sjóðnum. Bent er á að þar sem sjóðurinn gegnir ekki lengur því hlutverki sem honum var upphaflega gert að sinna er eðlilegt að hann verði lagður niður.

6.8 Ýmsir sjóðir í vörslu kirkjunnar

Rekstrarreikningur 1997			
Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Tekjur:			
Framlög.....	0	0	0
Aðrar tekjur.....	15.250	0	15.250
Tekjur alls	15.250	0	15.250
Gjöld:			
Launagjöld.....	0	0	0
Önnur rekstrargjöld.....	85.537	0	85.537
Afskriftir.....	0	0	0
Framlög.....	3.195.000	227.783	2.967.217
Gjöld alls	3.280.537	227.783	3.052.754
Tekjuafgangur (-halli) án fjármagnshreyfinga	-3.265.287	-227.783	-3.037.504
Fjármagnshreyfingar.....	4.777.315	4.492.717	294.598
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	1.512.028	4.264.934	-2.752.906

Efnahagsreikningur 31.12.1997			
Fjárhæðir í kr.	Reikningur 1997	Reikningur 1996	Breyting milli ára
Eignir:			
Veltufjármunir.....	10.239.893	9.257.473	982.420
Fastafjármunir.....	54.498.771	53.704.090	794.681
Eignir samtals	64.738.664	62.961.563	1.777.101
Skuldir og eigið fé:			
Skammtímaskuldir.....	903.916	755.202	148.714
Langtímaskuldir.....	0	0	0
Skuldir samtals	903.916	755.202	148.714
Eigið fé.....	63.834.748	62.206.361	1.628.387
Skuldir og eigið fé samtals.....	64.738.664	62.961.563	1.777.101

Ársreikningur ýmissa sjóða Biskupsstofu tekur yfir safn 45 staðfesta og óstaðfesta sjóða sem eru í vörslu Biskupsstofu. Fyrir 15 sjóði er staðfest skipulagsskrá sem hefur að geyma upplýsingar um tilurð sjóðsins, til hvers hann var stofnaður og hvernig tekjum skuli ráðstafað. Þessir sjóðir hafa hver um sig kjörna endurskoðendur en Ríkisendurskoðun hefur eftirlit með því að ráðstöfun tekna og úthlutanir séu í samræmi við skipulagsskrá. Hinir 30 sjóðirnir hafa verið afhentir Biskupsstofu ýmist með gjafabréfi eða með öðrum óformlegri hætti.

Verðbréf Styrktarsjóðs Jónínu og Margrétar að verðmæti 7,6 milljónir hafa verið sett að handveði fyrir láni Skálholtsstaðar hjá Spron. Upplýst er að verið sé að vinna að lausn á þessari veðsetningu.

Þeirri spurningu hefur áður verið velt upp hvernig hægt sé að nýta þessa sjóði betur í samræmi við markmið þeirra. Ríkisendurskoðun hefur séð tillögu um sameiningu þeirra og er það vel ef kirkjufirvöld ná nú að afgreiða slíka tillögu.